

Hafnarfirði, 20. september 2019

Umsögn vegna athugasemdar við stíginn í kringum Stórhöfða.

Fram hefur komið ábending frá Páli Línberg Sigurðssyni um að búið sé að tengja göngustíg við Stórhöfða við nýjan reiðstíg. Spurt er hvort að hvort að kringum Stórhöfða verði reiðstígur eða göngu- og hjólastígur.

Í gildandi *aðalskipulagi* Hafnarfjarðar 2013-2025 eru sýndir allir göngu- og reiðstígar í bæjarlandinu og á umræddum stað er stígarnir sýndir samhliða hvor öðrum.

Í gildandi *deiliskipulagi* fyrir svæðið er m.a. sýnd nánari útfærsla á öllum stígum og liggja þeir eins og áður, samhliða hvor öðrum. Reiðstígur í kringum Stórhöfða hefur verið sýndur á eldri aðalskipulögum og hefur því verið á skipulagi um langt skeið.

Stórhöfðastígurinn sem þú vísar í úr umhverfisskýrslunni er hvorki göngu- né reiðleið á gildandi skipulögum, nema að litlum hluta, heldur er hún skráð í fornleifaskýrslu sem þekkt forn leið og metin hefur verið með talsvert minja- og varðveislugildi.

Ég skal senda þér þessa leið innmælda til að sýna legu hennar.


Eins og fram kemur í svari Helgu Stefánsdóttur að þá eru stígurinn meðfram Stórhöfða notaður af ríðandi og gangandi fólki þar sem hvorki hönnun né fjármagn liggur fyrir þar sem fjárhagsáætlun þessa árs gerði ekki ráð fyrir stígaframkvæmdum á þessum stað á þessu ári.

Rétt er að öll náttúruupplifun í upplandi bæjarins er mjög áhrifamikil og sterk og veitir fólki almenna ánægju og vellíðan.

Það er því okkur mikið metnaðarmál að aðgengi sé í lagi og allir stígar og leiðir séu skilgreindir fyrir mismunandi hópa gesta.

Ég sendi þér aðalskipulag Hafnarfjarðar, deiliskipulag fyrir Hvaleyrarvatnið, innmælda forna gönguleið ásamt skjáskoti þar sem innmæling leiðarinnar er sýnd sem breið rauð leið og tengist því stígakerfi sem er á aðalskipulagi.

Þér er velkomið að koma hingað á Norðurhelluna og fara yfir þessi skipulög með okkur.



Kveðja.



HAFNARFJÖRÐUR